



Reykjavíkurborg

Skóla- og frístundasvið

Reykjavík, 15. desember 2016

SFS2014090060

7.3

HG/ag

Ráðhús Reykjavíkur  
Borgarráð

### *Umsókn um aukið framlag*

Á fundi skóla- og frístundaráðs 14. desember 2016 var lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 9. desember 2016, um umsókn Alþjóðaskólans í Reykjavík (Reykjavik International School) um fjölgun nemenda úr Reykjavík. Jafnframt lagt fram tölvubréf Reykjavik International School, dags. 13. september 2016, 25. október 2016, **túnaðarmál** og 22. nóvember 2016, **trúnaðarmál**.

Enn fremur lagður fram þjónustusamningur skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar og Reykjavik International School, dags. 20. október 2015.

Lögð fram svohljóðandi tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Bjartrar framtíðar, Samfylkingarinnar og áheyrnarfulltrúa Pírata:

Lagt er til að viðmið um hámarksfjölda reykvískra nemenda sem heimilt er að greiða framlag vegna í Reykjavik International School verði breytt með þeim hætti að miðað verði við að hámarksfjöldi reykvískra nemenda sem heimilt er að greiða framlag vegna vegna geti orðið 27 í stað 17 nú frá og með upphafi skólaársins 2017 - 2018. Gerður verði viðauki við núverandi samning aðila, dags. 20. október 2015, þar sem kveðið er á um fjölgun reykvískra nemenda sem heimilt er að greiða framlag vegna um 10 reykvíska nemendur. Breyting taki gildi frá upphafi skólaársins 2017 - 2018. Synjað er beiðni um að heildarfjöldi nemenda fari umfram 60 nemendur.

Greinargerð fylgir.

Samþykkt með fimm atkvæðum Bjartrar framtíðar, Samfylkingarinnar og Sjálfstæðisflokks og vísað til borgarráðs. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Framsóknar og flugvallarvina og Vinstri grænna sitja hjá.

Tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa var samþykkt.

Tillögunni er hér með vísað til borgarráðs.

Virðingarfyllst

Helgi Grímsson

sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Hjálagt:

Minnisblað sviðsstjóra, dags. 9. desember 2016

Tölvubréf RIS, dags. 13. september 2016

Tölvubréf RIS, dags. 25. október 2016

Tölvubréf RIS, dags. 22. nóvember 2016

Þjónustusamningur skóla- og frístundasviðs og RIS, dags. 20. október 2015



Reykjavík, 9. desember 2016  
SFS2014090060  
110. fundur / forskj. 1/4  
HG/gs

## MINNISBLAÐ

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

---

### *Efni: Umsókn Alþjóðaskólans í Reykjavík (Reykjavik International School) um fjölgun nemenda úr Reykjavík*

Skóla- og frístundasviði barst erindi frá Alþjóðaskólanum í Reykjavík (Reykjavik International School) dags. 13. september 2016 þar sem óskað var eftir breytingu á viðmiði um fjölda nemenda úr Reykjavík. Viðmið um nemendafjölda er nú 60 nemendur, þar af 17 nemendur með lögheimili í Reykjavík, en óskað er eftir að viðmið verði aukið í 100 nemendur og þar af 60 nemendur með lögheimili í Reykjavík.

Menntamálaráðuneytið viðurkenndi Reykjavik International School (RIS) til þess að starfa sem alþjóðlegur skóli þann 7. júlí 2014 og hóf skólinn starfsemi það sama haust. Skólinn hefur verið rekinn í húsnæði Hamraskóla frá stofnun. Þjónustusamningur milli skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar og RIS um rekstrarstyrk vegna nemenda í skólanum sem eiga lögheimili í Reykjavík og fósturbarna ef fósturforeldrar eiga lögheimili í Reykjavík var undirritaður 20. okt. 2015. Sá samningur gerir ráð fyrir að fjöldi nemenda í Alþjóðaskólanum í Reykjavík og með lögheimili í Reykjavík sé 17.

Skv. upplýsingum frá tölfraði- og rannsóknarþjónustu skóla- og frístundasviðs voru 15 nemendur í skólanum í sept. sl. og þar af 10 með lögheimili í Reykjavík.

Skv. tölvuskeyti skólans, dags. 22. nóvember sl., hafa skólanum borist nokkur fjöldi nýrra umsókna um skólagöngu, sjá meðfylgjandi bréf skólans.

Með bréfi, dags. 6. september 2016 óskuðu fyrirvarsmenn skólans eftir leyfi til að taka inn nemendur við 5 ára aldur í grunnskólanám. Skólanum var svarað með bréfi, dags. 17. október 2016, þar sem fram kemur að skólanum hafi verið leiðbeint um þau atriði er áfátt væri í tengslum við umsókn skólans um rekstarleyfi leikskóla, dags. 13. maí 2015. Jafnframt er óskað upplýsinga frá skólanum um hvort það sé mat hans að nú sé komnar fram aðrar upplýsingar er leiða eigi til þess að skólinn fái leyfi til að taka inn nemendur við fimm ára aldur án þess að hafa fengið útgefið rekstarleyfi leikskóla. Svar hefur ekki borist skóla- og frístundasviði.

Helstu rök skólustjóra Alþjóðaskólans í Reykjavík fyrir umsókninni eru þau að mikill fjöldi umsókna hafi borist og að mikill áhugi sé á námsleið þeirra í Reykjavík. Þeir foreldrar sem óski eftir skólavist í skólanum fyrir börnin sín séu oftast en ekki sérfræðingar sem komi til landsins í afmarkaðan tíma og óski eftir viðurkenndri alþjóðlegri menntun fyrir börn sín. Þar

sem skólinn hafi ekki getað sinnt öllum þeim umsóknum sem hafa borist hafi forsvarsmenn hans orðið að beina umsóknum til nágrannasveitarfélaga sem kalli á að útsvari viðkomandi sé beint til annarra sveitarfélaga auk þess sem verið sé að ýta undir aukinn akstur á álagstímum þar sem nemendur verði að búa fjær skóla sínum. Forsvarsmenn skólans ítreka að skólinn sé mikilvægur hlekkur í að auka samkeppnishæfni Reykjavíkur þar sem hann sérhæfi sig í alþjóðlegri menntun og sé eini skólinn á Íslandi sem vinnur alfarið eftir alþjóðlegri námskrá.

Skv. 43. gr. b. laga um grunnskóla nr. 91/2008 með síðari breytingum á sjálfstætt rekinn grunnskóli sem gert hefur þjónustusamning á rétt á framlagi úr sveitarsjóði til starfsemi sinnar vegna nemenda sem hafa lögheimili í því sveitarfélagi sem skólinn starfar í. Skal framlagið nema að lágmarki 75% af vegnu meðaltali heildarrekstrarkostnaðar allra grunnskóla sem reknir eru af sveitarfélögum í landinu á hvern nemanda samkvæmt útreikningi Hagstofu Íslands. Gildir þetta hlutfall fyrir skóla með allt að 200 nemendur, en framlagið skal vera að lágmarki 70% fyrir hvern nemanda umfram þann fjölda.

Fram að 31. desember 2016 gildir sú regla að útreikningur Hagstofu Íslands s vegna komandi skólaárs skal liggja fyrir í september ár hvert. Útreikningur skal byggður á ársreikningum sveitarfélaga fyrir liðið ár, að teknu tilliti til verðlagsbreytinga til þess dags sem útreikningur er gerður. Verðlagsbreytingar skulu taka mið af almennum launahækkunum starfsmanna grunnskóla og breytingum á vísitölu neysluverðs að teknu tilliti til vægis hvors þáttar fyrir sig í rekstrarkostnaði grunnskólanna.

Frá og með 1. janúar 2017 skal útreikningur Hagstofu Íslands liggja fyrir fimmta dag hvers mánaðar og byggjast á næsta mánuði á undan og taka mið af verðlagsbreytingum. Sveitarfélög greiða framlög reglulega eftir því sem segir í þjónustusamningi. Greiðslurnar taka breytingum til hækkunar eða lækkunar eftir útreikningum Hagstofunnar.

Áætlaður árlegur rekstrarkostnaður á hvern nemanda í grunnskólum, sem reknir eru af sveitarfélögum, var kr. 1.719.292 í september 2016. Miðað við að greitt sé 75% af þeirri fjárhæð er árlegt framlag sveitarfélags á hvern nemanda í sjálfstætt reknum grunnskóla kr. 1.289.469 .-

Fastur kostnaður Reykjavíkurborgar vegna hvers nemanda að því gefnu að pláss sé fyrir hann í grunnskóla Reykjavíkurborgar er u.þ.b. 679.000- eða u.þ.b. 35% af áætluðum árlegum rekstrarkostnaði á hvern nemanda í grunnskólum Reykjavíkurborgar.

Ef miðað er við að breyting á útreikningum framlags leiði til 5% hækkunar á framlaginu má gera ráð fyrir að aukin framlög til skólans frá upphafi skólaársins 2017 - 2018 vegna 10 reykvískra nemenda verði kr. 6.057.130 á árinu 2017.

Það er mat skóla- og frístundasviðs að við ákvörðun um fjölda nemenda sem heimilt er að greiða framlag vegna verði tekið mið af því að fjöldi barna skv. núgildandi samningi er lágur og að skólinn býður upp á alþjóðlegt nám sem ekki er í boði hjá grunnskólum Reykjavíkurborgar.



### Ósk um fjölgun reykvískra nemenda við Reykjavík International School

Almennt: Tölvupóstur

Upplýsingar um viðskiptavin :

Málsnúmer: SFS2014090060

Bréfalyklar: 7.3 Sjálfstætt reknir grunnskólar (Hér m.a. rekstrarleyfi, þjónustusamninga og greiðslur vegna sjálfstætt rekinna grunnskóla)

Eigandi skjals: Hera Elfarsdóttir

Staða: Í vinnslu

Dagsetningar:

Búið til: 15.09.2016 00:00:00

Dagsetning skjals: 14.09.2016



image002.jpg

OutlookMessageContent.msg

Skjalalykill	7.3 Sjálfstætt reknir grunnskólar (Hér m.a. rekstrarleyfi, þjónustusamninga og greiðslur vegna sjálfstætt rekinna grunnskóla)	Málsnúmer	SFS2014090060
Móttökudags.	14.09.2016	Skráð í GoPro	15.09.2016

Viðtakandi		Sendandi	
Deild (Ráðhúss)	Skóla og frístundasvið	Fyrirtæki/stofnun	
Starfsmaður		Nafn	
		Kennitala:	
Tegund skjals	Tölvupóstur	Fyrir Borgarráð	
Efnisorð			
Eldri skjalalykill			
		Er flokkað eftir aldri	<input type="radio"/> Já <input checked="" type="radio"/> Nei
		skjalalykli í	
		skjalasafni.	

Sent:

Sent til:

Frá: Helgi Grímsson

Dags: 14.9.2016 17:36:28

Til: Ásta Roth

Afrit: RIS Trustees; SÞR\_Skjalaver\_Höfðatorgi; Eygló Traustadóttir

Efni: SV: Fjölgun nemanda RIS

Móttekið!

Með bestu kveðju,

Helgi Grímsson

---

Helgi Grímsson

Sviðsstjóri

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkur

Höfðatorgi 12

105 Reykjavík

---

Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: <http://www.reykjavik.is/trunadur>

Leiddu hugann að umhverfinu áður en þú prentar út þennan tölvupóst. Prentaðu á báðar hliðar í svarthvítu ef nauðsyn krefur.

From: Ásta Roth [mailto:[asta.roth@school.is](mailto:asta.roth@school.is)]  
Sent: 13. september 2016 14:09  
To: Helgi Grímsson  
Afrit: RIS Trustees  
Subject: Fjölgun nemanda RIS

Sæll kæri Helgi og takk fyrir síðast,

Hér kemur formleg umsókn okkar um aukinn nemendafjölda við Reykjavík International School,

Viðtakandi: Skóla- og frístundasvið Reykjavíkur

Efni: Fjölgun reykvískra nemenda við Reykjavík International School

Reykjavík International School hefur frá og með 19. nóvember 2014 haft leyfi fyrir 60 nemendur, þar af 17 með lögheimili í Reykjavík.

Við óskum eftir fjölgun reykvískra nemenda við skólann, þannig að leyfi fáið fyrir 60 nemendum sem eru með lögheimili í Reykjavík. Að auki óskum við eftir að heildar nemendafjölda við skólann verði 100.

Beiðni okkar grundvallast á þeim fjölda umsókna sem hafa borist og miklum áhuga á þessari námsleið í Reykjavík. Það er mikilvægt að þjónusta þann fjölbreytta nemendahóp sem sífellt fer stækkandi innan höfuðborgarinnar og er því þörfin á fjölgun nemenda við Reykjavík International School brýn, sér í lagi þá sem hafa aðsetur í Reykjavík.

Eins og staðan er í dag þurfum við að beina þeim umsækjendum sem hafa hug á að flytjast til landsins og vilja að börnin stundi nám við RIS til nágrannasveitarfélaga. Þessir umsækjendur eru oftar en ekki sérfræðingar sem eru að koma til landsins í afmarkaðan tíma og möguleikinn á viðurkenndri alþjóðlegri menntun fyrir börn þeirra hefur áhrif á ákvörðun þeirra um komuna til landsins.

Við núverandi ástand þurfum við að benda þeim á að velja sér lögheimili utan Reykjavíkur og með því erum við að beina útsvari þessa fólks til annars sveitarfélags, auk þess er verið að ýta undir aukinn akstur á álagstímum þar sem nemendur þurfa að búa fjær skólanum.

RIS er mikilvægur hlekkur í því ferli að auka samkeppnishæfni Reykjavíkur. Við séhæfum okkur í alþjóðlegri menntun sem eini skólinn á Íslandi sem vinnur alfarið eftir alþjóðlegri námskrá.

Við treystum á framsýni ykkar og vonumst eftir jákvæðri afgreiðslu

Best Regards,

Ásta V Roth

Head of School

Reykjavík International School

HYPERLINK "http://www.school.is/"www.school.is

HYPERLINK "mailto:asta.roth@school.is"asta.roth@school.is

+354 863 6327

cid:622D85CA-E664-4D4C-AEA4-CF01F66968FA@vodafone

Þessi tölvupóstur ásamt fylgiefni er trúnaðarmál og aðeins ætlaður þeim sem hann er sendur til. Öll önnur notkun er óheimil og vísast til laga um fjarskipti. Óheimil meðferð tölvupósts þessa og viðhengja hans getur varðað skaðabóta- og refsíabyrgð samkvæmt lögum um fjarskipti.

This e-mail and its attachments may contain confidential and privileged information only intended for the person or entity to which it is addressed.

## ÞJÓNUSTUSAMNINGUR

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar, kt. 530269-7609, hér eftir SFS, og Reykjavík International School ses., kt. 610314-0900, Dyrhömrum 9, Reykjavík, hér eftir skólinn, gera með sér eftirfarandi þjónustusamning um framlag vegna nemenda í skólanum sem eiga lögheimili í Reykjavík og fósturbarna ef fósturforeldrar eiga lögheimili í Reykjavík:

### 1. gr.

#### Skilyrði

Skólinn skal hafa viðurkenningu mennta- og menningarmálaráðherra.

Starfsemi og starfsaðstaða skólans skal á hverjum tíma vera í samræmi við gildandi lög og reglur um grunnskóla og lög um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla.

Réttindi og skyldur nemenda skulu vera í samræmi við gildandi grunnskólalög á hverjum tíma, reglugerðir settar samkvæmt þeim og aðalnámskrá grunnskóla.

Um framlagið samkvæmt samningi þessum gilda reglur Reykjavíkurborgar um styrki. Þess skal getið í kynningarefni skólans að hann njóti framlaga frá Reykjavíkurborg.

### 2. gr.

#### Rekstrarframlag

Framlagið nemur 75% af vegnu meðaltali heildarrekstrarkostnaðar allra grunnskóla sem reknir eru af sveitarfélögum í landinu á hvern nemanda samkvæmt árlegum útreikningi Hagstofu Íslands. Gildir þetta hlutfall fyrir skóla með allt að 200 nemendur. Fjölgi nemendum umfram 200 nemur framlagið 70% af vegnu meðaltali fyrir hvern nemanda umfram 200. Greitt er framlag vegna 17 nemenda.

Framangreint framlag Reykjavíkurborgar við skólann, sem er framlag vegna reksturs skólans allt árið, verður greiddur með 9 greiðslum síðasta virka dag hvers mánaðar fyrir líðandi mánuð. Ekki er greitt mánuðina júní, júlí og ágúst. Framlagið miðast við fjölda nemenda í skólanum í yfirstandandi mánuði, sem eiga lögheimili í Reykjavík og nemendur sem eru fósturbörn, ef fósturforeldrar eiga lögheimili í Reykjavík. SFS krefur sveitarfélag sem ráðstafar barni í fóstur um kostnað vegna skólagöngu barns í fóstri hjá fósturforeldrum með lögheimili í Reykjavík.

Um greiðslu kostnaðar vegna stuðnings við nemendur með metnar sérþarfir og nemendur með annað móðurmál en íslensku er vísað til 6. og 7. gr. samningsins.

Skólanum ber að koma réttum upplýsingum um fjölda nemenda til SFS fyrir 5. dag hvers mánaðar til að hægt sé að greiða rétta fjárhæð í lok mánaðarins.

HT



Skólanum er heimilt að taka nemendur í skólann sem ekki eiga lögheimili í Reykjavík en Reykjavíkurborg greiðir hvorki framlag né annan kostnað vegna þeirra.

Skólanum ber að skila til SFS starfsáætlun, þ.m.t. upplýsingum um fjölda nemenda á komandi skólaári, eigi síðar en 1. maí ár hvert. Listi yfir nemendur sem stunda nám í skólanum í ágústlok skal sendur SFS eigi síðar en 1. september. Skólanum er jafnframt skylt að veita sviðinu aðgang að nemendaskrá og upplýsingar um innritaða nemendur þegar þess er óskað.

Skólanum er heimilt að óska eftir breytingu á viðmiði um fjölda nemenda sem greitt er framlag vegna ef sýnt er fram á að fjölgun nemenda verði umfram framangreindan hámarksfjölda nemenda í 1. mgr. 2.gr. samnings þessa. Umsókn skal berast með starfsáætlun eigi síðar en 1. maí ár hvert. Skal ákvörðun Reykjavíkurborgar vegna beiðni um breytingu á viðmiði liggja fyrir eins fljótt og auðið er og eigi síðar en 10. júní.

Rekstrarafgang af starfsemi skólans, sem rekja má til opinberra fjárveitinga, skal nýta til að efla skólastarfið. Í ársskýrslu skólans til Reykjavíkurborgar skal gerð grein fyrir því hvernig framangreindur rekstrarafgangur er metinn og hvernig honum er varið.

### **3. gr.**

#### **Gjaldtaka**

Skólanum er heimilt að taka gjald af foreldrum vegna kennslu og skólamáltíða.

### **4. gr.**

#### **Innritun nemenda**

Skólanum ber að setja sér reglur um innritun nemenda sem byggðar skulu á ákvæðum grunnskólalaga um skóla án aðgreiningar þar sem allir nemendur eiga sama rétt til að innritast í skólann án tillits til líkamlegs eða andlegs atgervis.

### **5. gr.**

#### **Sérfræðiþjónusta**

Skólinn á rétt á sömu sérfræðiþjónustu og almennir grunnskólar frá þjónustumiðstöð Reykjavíkurborgar í því hverfi sem skólinn er staðsettur.

### **6. gr.**

#### **Stuðningur við nemendur með sérþarfir**

Skólinn getur sótt um fjármagn vegna sérstaks stuðnings fyrir nemendur með metnar sérþarfir, samkvæmt reglum SFS á hverjum tíma. SFS greiðir 45% af úthlutaðri fjárhæð vegna haustannar fyrir 1. nóvember og 55% vegna vorannar fyrir 1. apríl. Þarfnist nemandi með lögheimili utan Reykjavíkur sérstakrar aðstoðar eða aukins stuðnings semur skólinn sérstaklega um viðbótargreiðslur við viðkomandi sveitarfélag.

### **7. gr.**

#### **Nemendur með annað móðurmál en íslensku**

Skólinn getur sótt um úthlutun fjármagns samkvæmt reglum SFS á hverjum tíma vegna kennslu í íslensku fyrir nemendur af erlendum uppruna sem eiga lögheimili í Reykjavík. Um kostnað vegna kennslu í íslensku fyrir nemendur af erlendum uppruna sem eiga lögheimili í öðrum sveitarfélögum, semur skólinn sérstaklega við viðkomandi sveitarfélag.

## 8. gr.

### Upplýsingar, mat og eftirlit

Skólinn skal lúta sama eftirliti með innra starfi og aðrir grunnskólar í Reykjavík. Þeir skulu framkvæma innra mat með því að meta með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfsins með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á. Skólanum ber að birta á heimasíðu sinni upplýsingar um innra mat, tengsl þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur.

SFS framkvæmir ytra mat og ber skólanum að láta sviðinu í té allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að framkvæma matið og til að sinna að öðru leyti eftirlitsskyldu sinni.

Við undirritun samnings þessa liggur skólanámskrá skólans fyrir. Skólastjóra er skylt að endurskoða skólanámskrána reglulega og leggja hana fyrir skóla- og frístundaráð til staðfestingar.

Starfsáætlun skólans fyrir komandi skólaár skal send skóla- og frístundaráði til staðfestingar fyrir 1. maí ár hvert.

## 9. gr.

### Ársskýrsla

Skólinn skal skila ársskýrslu ásamt endurskoðuðum ársreikningi til SFS fyrir 1. maí ár hvert fyrir liðið fjárhagsár.

## 10. gr.

### Fundir og námskeið fyrir skólastjórnendur

SFS skal upplýsa og bjóða stjórnendum skólans á reglubundna fundi sem yfirstjórn SFS heldur með skólastjórnendum í Reykjavík. Jafnframt skal bjóða stjórnendum skólans að sækja námskeið á vegum SFS gegn greiðslu kostnaðar.

## 11. gr.

### Endurskoðun samnings

Ef upp koma breytingar í starfsumhverfi viðurkenndra grunnskóla sem reknir eru af öðrum en Reykjavíkurborg er samningsaðilum heimilt að óska eftir endurskoðun samningsins með tilliti til þeirra.

## 12. gr.

### Framsal

Samningsaðilum er óheimilt að framselja réttindi sín og/eða skyldur samkvæmt samningi þessum, í heild eða að hluta, nema að fyrirframfengnu skriflegu samþykki hins.

## 13. gr.

### Force Majeure

Hvorugur aðili verður talinn hafa brotið gegn samningi þessum, þegar honum er ókleift að uppfylla samningsskyldur sínar vegna atvika, sem rekja má til óviðráðanlegra ytri atvika (force majeure), s.s. vegna alvarlegra slysa, stríðsátaka, náttúruhamfara, deilna á vinnumarkaði, fyrimæla stjórnvalda eða annarra óvæntra og ófyrirséðra atvika, sem samningsaðilum er ekki unnt að fyrirbyggja.

**14. gr.**  
**Gildistími og uppsögn**

Samningurinn tekur gildi 1. nóvember 2015. Samningurinn gildir til þriggja ára og fellur brott án uppsagnar að þeim tíma liðnum. Gerður er fyrirvari af hálfu Reykjavíkurborgar um að fjárveitingar SFS eru gerðar með fyrirvara um fjárheimildir skv. fjárhagsáætlun á hverju ári eftir fyrsta ár samningsins.

Þjónustusamningur þessi er uppsegjanlegur af hálfu beggja aðila með eins árs fyrirvara.

**15. gr.**  
**Endurkrafa á ofgreiddu framlagi og vanefndir**

Komi í ljós að SFS hafi ofgreitt framlag af einhverjum ástæðum, t.d. vegna rangra upplýsinga eða mistaka mun SFS lækka framlag til skólans við næstu greiðslu sem því nemur eða krefjast endurgreiðslu. Skólinn getur óskað eftir að endurgreiðslu verði skipt á þrjá mánuði.

Komi til vanefnda af hálfu annars hvors aðila samnings þessa er hinum aðilanum heimilt að grípa til viðeigandi vanefndaúrræða. Sé um verulega vanefnd að ræða er heimilt að grípa til riftunar að undangengnum hæfilegum fresti til úrbóta.

**16. gr.**  
**Afturköllun viðurkenningar**

Afturkalli mennta- og menningarmálaráðherra viðurkenningu skólans fellur samningur þessi úr gildi án uppsagnar.


**17. gr.**  
**Varnarþing**

Komi til þess að mál verði höfðað vegna ágreinings um samning þennan skal það rekið fyrir héraðsdómi Reykjavíkur.


**18. gr.**  
**Undirritun**

Samningur þessi er gerður í tveimur (2) samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki. Öllu framangreindu til staðfestu rita til þess bærir fyrirsvarsmenn/fulltrúar aðila nöfn sín hér undir í votta viðurvist.

Reykjavík, 20. október 2015



F.h. skóla - frístundasviðs og Reykjavíkurborgar



F.h. Reykjavík International School

Helgi Grímsson  
sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

VOTTAR AÐ RÆTTI DALS OG UNDIRRITUN  
Eignin fjátr 240467 - 4619  
Banki 110662 - 4245